

Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um æskulýðsstefnu og æskulýðslög.

Frá Unu Hildardóttur.

1. Stendur til að endurskoða æskulýðslög, nr. 70/2007, áður en æskulýðsstefna stjórnvalda verður mótuð?
2. Mun vinna við æskulýðsstefnu stjórnvalda áfram fara fram í mennta- og menningarmálaráðuneyti eða færast hún yfir til félagsmálaráðuneytis í ljósi breytinga á skipan ráðuneyta í ársbyrjun 2019?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrsta markmiðið í „Stefnumótun í æskulýðsmálum“ (2014–2018) er svohljóðandi: „Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísi og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi.“ Þar segir einnig: „Mikilvægt er að umhverfi og skipulag æskulýðsstarfs sé í stöðugri þróun og taki mið af þörfum samtímans. Því þarf að gera breytingar á skipulagi æskulýðsmála.“ Þá er í stefnumótuninni lagt til að æskulýðslög, nr. 70/2007, verði endurskoðuð.